

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Skýrsla Svæðisstjóra Óðinssvæðis 13.04.2013

Frá síðasta fundi má segja að flest hafi gengið sinn vana gang .

Mæting á fundi klúbba í svæðinu er frá að vera þokkalega í það að vera mjög góð klúbbar hafa verið í fjáröflunarverkefnum og unnið að styrktarverkefnum eins og vera ber og er ekki að sjá að neinstaðar sé sérstaka veikleika að merkja í starfinu fremur þvert á móti er starfið öflugt í klubbunum eins og skýrslur bera með sér .

Svæðisráðstefna var haldin 23 Febrúar á Króknum og var mæting mjög góð heilt yfir ,á ráðstefnuma og um þann fund er bara eitt að segja einstaklega góður og ekki skemmdi fyrir að þorablót var haldið um kvöldið og mættu þar margir af ráðstefnugestum. Á fundinum var rætt var um fræðslu embættimanna, styrktaverkefni svæðisins og innri mál hreyfingarinnar .

Öskjumenn héldu uppá afmæli í kyrrþey innan hreyfingarinnar en gerðu því meira úr afmælinu á heimaslóðum og buðu Vopnfirðingum til samsætist í tilefni afmælisins á 4 hundrað manns mættu og lauk viðburðinum með flugeldsýningu í boð Öskju og sveitafélagsins.

Gríms menn fögnuðu líka 35 ára afmæli sínu 23 Mars síðastliðinn ég komst ekki til þeirra þá en mun heimsækja þá í þessum mánuði svo og fleiri klúbba sem verða heimsóttir í vor .

Eins og marir vita eru Súlumenn orðnir afar fáir og aldraðir munu Súlur verða lagðar niður á næstunni en félagar ganga inni Skjöld siglufirði sem mun aðlaga nafnið að nýjum aðstæðum.

Næsta svæðisráðsfundi hefur verið frestað frá 27 apríl til 4 maí vegna kosninga þann 27 apríl.

Svæðisstjóri Óðinssvæðis

Gunnsteinn Björnsson

“Kiwanishjarta er allt sem þarf “